

Skýrsla tilnefningarnefndar Eikar fasteignafélags hf.

18. mars 2025

Tilnefningarnefnd Eikar fasteignafélags hf. hefur það hlutverk að vera ráðgefandi við val á stjórnarmönnum. Markmið hennar er að skapa hluthöfum forsendur fyrir upplýstri ákvörðunartöku við stjórnarkjör í félaginu.

Nánari upplýsingar um hlutverk nefndarinnar má finna í samþykktum félagsins, starfsreglum hennar sem og í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins.

Lokaskýrsla nefndarinnar er hluti af fundargögnum aðalfundar félagsins, sem stefnt er að því að halda 10. apríl 2025.

Í skýrslunni er sett fram tillaga að bestu samsetningu stjórnar að mati nefndarinnar. Matið byggir á framboðsgögnum þeirra sem buðu sig fram til stjórnar, viðtölum við sitjandi stjórnarmenn, árangursmati stjórnar og viðtali við forstjóra félagsins og yfirlögfræðing. Matið er enn fremur byggt á viðtölum við þá hluthafa sem þess óskuðu og mati nefndarinnar á hagsmunatengslum frambjóðenda gagnvart félaginu, stjórnendum þess og stórum hluthöfum.

Í ágúst 2024 tilkynnti Langisjór ehf. um fyrirhugað yfirtökuþilboð til hluthafa Eikar fasteignafélags hf. sem hafði óhjákvæmilega áhrif á starf stjórnar og starfsemi félagsins. Í október 2024 lá niðurstaða yfirtökuferlisins fyrir og fóru Langisjór og tengdir aðilar þá með samanlagt 32,32% eignarhlut í félaginu. Þann 13. janúar sl. var svo tilkynnt um að forstjóri félagsins, Garðar Hannes Friðjónsson, myndi láta af störfum eftir aðalfund félagsins. Garðar Hannes hefur starfað lengi hjá félaginu og því ljóst að um mikla breytingu verður að ræða fyrir félagið, starfsfólk og ekki síður stjórn þegar nýr forstjóri tekur við.

1. Nefndarskipan

Tilnefningarnefnd starfar samkvæmt samþykktum félagsins og starfsreglum sem aðgengilegar eru á heimasíðu þess. Tveir nefndarmenn voru kjörnir á aðalfundi 11. apríl 2024 til setu fram að aðalfundi 2026. Auk þeirra skipaði stjórn félagsins einn nefndarmann til sama tíma á fundi sínum þann 23. maí 2024.

Í tilnefningarnefnd félagsins sitja Drífa Sigurðardóttir ráðgjafi (formaður), Ingólfur Bender hagfræðingur og Sigrún Ragna Ólafsdóttir, sjálfstætt starfandi ráðgjafi og stjórnarmaður (skipuð af stjórn). Allir nefndarmenn eru óháðir félaginu og stjórnendum þess. Allir nefndarmenn eru jafnframt óháðir stórum hluthöfum félagsins. Ingólfur á 1.050.000 hluti í félaginu gegnum BG10 ehf. Árni Huldar Sveinbjörnsson, yfirlögfræðingur félagsins, hefur starfað sem ritari nefndarinnar.

2. Nefndarstörf

Nefndin kom fyrst saman 16. október 2024 vegna tilnefningar fyrir aðalfund ársins 2025. Þar skipti nefndin með sér verkum, lagði grunn að starfsáætlun sinni, auk þess að ræða fjárhagsáætlun og framkvæmd árangursmats stjórnar. Nefndin hittist formlega alls fimm sinnum á tímabilinu október

2024 til mars 2025. Þessu til viðbótar átti nefndin fundi með stjórnarmönnum hverjum fyrir sig, forstjóra félagsins og yfirlögfræðingi þá átti nefndin fundi með fulltrúum fimm hluthafa í tengslum við stjórnarkjör á aðalfundi félagsins 2025.

3. Starfsreglur tilnefningarnefndar

Eitt af hlutverkum tilnefningarnefndar er að yfirfara starfsreglur nefndarinnar og leggja fram tillögur fyrir aðalfund um breytingu á þeim eftir því sem þörf krefur.

Í tengslum við breytingartillögur sem stjórn félagsins leggur til á starfsreglunum, er tekur mið af ályktunartillögu Gildi-lífeyrissjóðs á aðalfundi félagsins þann 11. apríl 2024, þess efnis að allir fulltrúar tilnefningarnefndar yrðu kosnir á aðalfundi hverju sinni lagði nefndin jafnframt til breytingar á starfsreglunum sem fela m.a. í sér staðfestingu á gildandi verklagi nefndarinnar.

4. Árangursmat stjórnar

Í starfsreglum stjórnar segir að stjórn Eikar geti metið árangur sinn m.a. út frá árangursmati því sem tilnefningarnefnd lætur framkvæma. Árangursmatið var framkvæmt af ARTA lögmönnum og unnið í samræmi við leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja, en þar segir m.a.: „stjórn skal leita leiða til að bæta úr verklagi í samræmi við niðurstöður matsins“.

Undanfarin sjö ár hefur það verið hlutverk tilnefningarnefndar að sjá til þess að framkvæmt sé árangursmat stjórnar. Á því varð ekki breyting í ár. Það er mat tilnefningarnefndar að árangursmat stjórnar hafi gefið nefndinni góða og skýra innsýn inn í árangur og störf stjórnar, sem og samskipti milli stjórnarmanna og frammistöðu stjórnarformanns.

5. Fundir með stjórnarmönnum og forstjóra

Við undirbúning viðtala nefndarinnar við hvern og einn stjórnarmann sem og forstjóra og yfirlögfræðing í janúar 2025 var m.a. horft til niðurstaðna árangursmats stjórnar. Viðtölin mynduðu því hluta af árangursmati stjórnar og skilaði nefndin stjórn samantekt sinni, en skv. starfsreglum stjórnar ber nefndin ábyrgð á fyrirlagningu árangursmats stjórnar. Í leiðbeiningunum um stjórnarhætti segir í gr. 2.6.2 „Stjórnin skal árlega og eftir fyrirfram ákveðnu fyrirkomulagi leggja mat á störf sín, stærð, samsetningu, verklag og starfshætti“. Markmið með viðtölunum við stjórnarmenn var einnig að eiga samtal um störf og árangur stjórnar almennt, fá álit stjórnar á ákjósanlegri samsetningu stjórnar og fá nánari greiningu á mati þeirra á styrk- og veikleikum stjórnar. Samtölin við forstjóra og yfirlögfræðing studdu einnig við framkomin sjónarmið stjórnarmanna um stjórnarstarfið. Einnig gáfu samtöl við stjórnarmenn góða sýn á hvaða verkefnum stjórn stendur frammi fyrir varðandi framtíðarætlanir með nýjum forstjóra.

6. Fundir með hluthöfum

Í janúar 2025 var haft samband við stærstu hluthafa félagsins með tölvupósti og þeim gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við nefndina. Sérstaklega var óskað eftir því að hluthafar myndu greina frá sjónarmiðum sínum um lykilhæfni og samsetningu stjórnar. Á heimasíðu félagsins eru einnig upplýsingar um með hvaða hætti hluthafar geti komið sjónarmiðum sínum á framfæri við nefndina eins og áður, með tölvupósti eða með því að hafa beint samband við formann nefndarinnar. Fundir með hluthöfum eru að mati tilnefningarnefndar mikilvægur hluti af undirbúningi fyrir tilnefningu í stjórn.

Nefndin átti samtöl og fundaði með fimm hluthöfum í febrúar og mars 2025 og í þeim samtölum komu fram mjög gagnlegar ábendingar um þeirra sýn á starfsemi félagsins, samsetningu stjórnar og hvaða kröfur um lykilhæfni og þekkingu væri eðlilegt að gera til stjórnarmanna.

Fram komu sjónarmið um mikilvægi þess að stjórnin búi yfir yfirgripsmikilli stjórnunar- og stjórnarreynslu, þekkingu og reynslu af góðum stjórnarháttum, af fasteignamarkaði og því umhverfi sem félagið starfar í. Hluthafar komu fram með áhugaverð sjónarmið um fjölbreytni, t.d. um aldursdreifingu stjórnarmanna, en það er mat þeirra hluthafa sem nefndin ræddi við að mikilvægt væri að horfa ekki eingöngu til reynslu og þekkingar heldur að tryggja fjölbreytni í víðu samhengi ásamt sjálfstæði stjórnarmanna við ákvarðanatöku.

Í samtölum við hluthafa kom fram mikilvægi þess að tryggja stöðugleika í störfum stjórnar en að á sama tíma sé gætt að hæfilegri endurnýjun innan stjórnar. Þegar horft er til reynslu og þekkingar stjórnarmanna á sjálfbærni og samfélagslegri ábyrgð félagsins voru hluthafar sammála um að huga þurfi einnig að persónulegu hæfi stjórnarmanna, góðu siðferði og samfélagslegri vitund.

Afar gagnlegt er fyrir nefndina að heyra sjónarmið hluthafa og hvetur nefndin hluthafa til að koma sjónarmiðum sínum, tillögum eða ábendingum á framfæri við nefndina, enda segir í leiðbeiningunum um stjórnarhætti fyrirtækja að nefndin skuli í störfum sínum „vinna að hagsmunum allra hluthafa“.

Reynslan af starfi tilnefningarnefnda hér á landi sýnir að einstaklingar sem bjóða sig fram til stjórnarsetu hjá skráðum félögum, en eru ekki tilnefndir af tilnefningarnefndunum, kjósa yfirleitt að draga framboð sitt til baka. Flestir hluthafar sem nefndin ræddi við töldu þessa þróun neikvæða og myndu kjósa að geta átt þann kost að vita af fleiri hæfum einstaklingum umfram þá sem væru tilnefndir. Tilnefningarnefnd Eikar fasteignafélags hefur skilning á þessu sjónarmiði. Það er hins vegar vandséð með hvaða hætti hægt er að ná slíkum breytingum fram án þess að hafa neikvæð áhrif á framboð til stjórnarsetu í skráðum félögum enda ákvörðun um framboð ávallt í höndum viðkomandi einstaklings. Umræðan um þessi mál er hins vegar af hinu góða og kann hún að leiða til þess að markaðsaðilar og aðrir haghafar sjái hag í því að gera breytingar s.s. í gegnum leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja.

7. Framboð til stjórnar

Fyrir hönd tilnefningarnefndar auglýsti félagið eftir framboðum og tilnefningum til stjórnar með tilkynningu í kauphöll 29. janúar 2025, sem jafnframt birtist á heimasíðu félagsins. Tilnefningarnefnd bárust sex framboð til stjórnar fyrir lok dags 26. febrúar 2025, sem var sá framboðsfrestur sem tilgreindur var í auglýsingu nefndarinnar. Auk framboða frá sitjandi stjórnarmönnum barst eitt framboð frá öðrum einstaklingi á tilsettum tíma og eitt framboð eftir að framboðsfrestur var liðinn. Ræddi formaður tilnefningarnefndar við báða aðila.

Eftir yfirferð nefndarinnar á framboðsgögnum þeirra sem buðu sig fram til stjórnar og að teknu tilliti til sjónarmiða í árangursmati stjórnar, viðtölum við hluthafa, stjórnarmenn og forstjóra var tilnefningarnefnd sammála um að tilnefna sitjandi stjórnarmenn til áframhaldandi stjórnarstarfa.

Þau sem sendu tilnefningarnefnd framboð til stjórnar á aðalfundi 2025 og hafa ekki dregið framboð sitt til baka með ósk um nafnleynd, eru í stafrófsröð:

Albert Þór Jónsson

Bjarni Kristján Þorvarðarson

Eyjólfur Árni Rafnsson

Guðrún Bergsteinsdóttir

Gunnar Þór Gíslason

Ragnheiður Harðar Harðardóttir

8. Forsendur að niðurstöðu

Samkvæmt starfsreglum tilnefningarnefndar ber henni að setja fram rökstudda tillögu um kosningu stjórnarmanna í félaginu, þar sem m.a. verði horft til hæfni, reynslu og þekkingar og leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja og niðurstöðu árangursmats stjórnar. Þá skal þess gætt að tillagan samræmist ákvæðum laga um hlutfélög og samþykktu félagsins um skipan stjórnar.

Í samræmi við starfsreglur tilnefningarnefndar skilgreindi nefndin lykilhæfni og þekkingu fyrir stjórn félagsins. Í því sambandi studdist hún við leiðbeiningarnar um stjórnarhætti fyrirtækja, árangursmat stjórnar og heildarhagsmuni félagsins. Einkum var litið til eftirfarandi þátta:

- Reynsla af starfsemi fasteignafélaga og þekking á fasteignamarkaði
- Þekking af þeim markaði sem félagið starfar á og því samkeppnisumhverfi sem félagið starfar í, til skemmri og lengri tíma
- Reynsla og þekking þegar kemur að almennum stjórnarháttum og eftirlitsskyldu stjórnarmanna (t.d. lögfræði, endurskoðun, regluvarsla, mannauðsstjórnun, áhættustjórnun, almennt góðir stjórnarhættir og eftirlitsskylda stjórnarmanna gagnvart þessum þáttum)
- Siðferði og samfélagsleg vitund, orðsporsáhætta og/eða ímyndaráhætta stjórnar og/eða félagsins.
- Þekking og reynsla af sjálfbærni og umhverfispáttum
- Reynsla af fjármálamarkaði með áherslu á lánamarkað
- Þekking og reynsla af nýsköpun á þeim markaði sem félagið starfar
- Þekking á sviði stafrænnar þróunar
- Persónuleg hæfni stjórnarmanna, t.d. geta til að taka ákvarðanir um krefjandi viðfangsefni, góð samstarfshæfni og gagnrýnin hugsun

Að auki var horft til samsetningar stjórnarinnar, og komu þar m.a. eftirfarandi sjónarmið til álita:

- Óhæði gagnvart félaginu
- Fjölbreytt reynsla og þekking stjórnarmanna auk aldursdreifingar
- Almennar hæfniskröfur laga og áskilnaður um kynjahlutföll í stjórn
- Jafnvægi milli endurnýjunar í stjórn og stöðugleika

Við mótun tillögu sinnar hafði nefndin til hliðsjónar þá þætti sem koma fram hér að ofan en ekki síst að tillaga nefndarinnar sé til þess fallin að styðja við rekstur félagsins og verði til hagsbóta fyrir félagið í heild og hluthafa þess bæði til skamms og langs tíma. Einnig hafði nefndin til hliðsjónar leiðbeiningarnar um stjórnarhætti fyrirtækja, þ.m.t. fjölbreytni stjórnarmanna út frá hæfni, reynslu, þekkingu, aldri og kynjahlutfalli.

9. Tillaga tilnefningarnefndar

Það að fyrirsvarsmaður stærsta hluthafa félagsins setjist í stjórn þess hefur áhrif á störf stjórnar og óhæði hennar. Langisjór ehf. og tengdir aðilar höfðu í hyggju að beita sér fyrir ákveðnum áherslum í rekstri og stefnumörkun félagsins og gerðu grein fyrir þeim í tengslum við yfirtökutilboð þeirra í félagið. Í greinargerð stjórnar vegna yfirtökutilboðsins kom fram að nokkur samhljómur væri á milli framtíðaráætla Langasjávar og félagsins en þar voru þó einnig atriði sem stjórn hafði aðra sýn á.

Er það mat tilnefningarnefndar að sá stutti tími sem stjórn hefur unnið saman hafi ekki gefið henni nægt svigrúm til þess að móta sameiginlega framtíðarsýn. Innan stjórnar eru hreinskipt skoðanaskipti sjálfstæðra einstaklinga þar sem starfið er skilvirkt. Vegna þeirrar óvissu sem hefur einkennt starfsemi félagsins með yfirtökutilboðum undanfarinna ára sem og fyrirhuguð forstjóráskipti er það mat tilnefningarnefndar Eikar fasteignafélags að á þessum tímapunkti sé það mikilvægt að halda stöðugleika í stjórn félagsins.

Að öllu framangreindu virtu er það mat tilnefningarnefndar að núverandi stjórn búi sameiginlega yfir þekkingu, hæfni og reynslu af þeim lykilþáttum sem lagðir voru til grundvallar.

Það er því niðurstaða nefndarinnar að leggja það til að eftirtaldir fimm einstaklingar verði kosnir í stjórn félagsins, taldir upp í stafrófsröð:

Bjarni Kristján Þorvarðarson

Starfsreynsla: Framkvæmdastjóri Inningar ehf. Starfandi forstjóri Matorku ehf., október 2021 - apríl 2022. Forstjóri Coripharma ehf. 2018-2020, forstjóri Hibernia Networks 2004-2017, fjárfestingastjóri hjá CVC 2002-2010 og viðskipta- og sjóðsstjóri FBA/ISB 1998-2002. Stjórnarseta í t.d. fjarskiptafyrirtækjum í eigu CVC á Íslandi, í Bandaríkjunum, Kanada, Írlandi, Bretlandi, Hollandi, Indlandi og Ástralíu. Bjarni situr í stjórnnum Símans hf., Inningar ehf., Coripharma Holding ehf., Matorku ehf. og Stakrar gulrótar ehf.

Menntun: M.Sc. í fjármálafræðum frá London Business School 1998, MBA frá IGS París, Frakklandi, 1993, M.Sc. í rafmagnsverkfræði frá University of Wisconsin, Madison, Bandaríkjunum, 1991 og B.Sc. í rafmagnsverkfræði frá Háskóla Íslands árið 1989.

Í skilningi leiðbeininganna um stjórnarhætti er Bjarni óháður félaginu, daglegum stjórnendum þess og hluthöfum í félaginu.

Sat í stjórn félagsins í tvö starfsár 2019 til 2021, og hefur verið stjórnarformaður frá 2022.

Rök tilnefningarnefndar: Bjarni hefur mikla stjórnunar- og stjórnarreynslu. Hann hefur einnig þekkingu og reynslu af fjárfestingamarkaði og almennum fyrirtækjarekstri. Bjarni hefur haldgóða þekkingu á stjórnarháttum, áhættustýringu og innra eftirliti fyrirtækja. Bjarni býr að auki yfir mikilli reynslu af breytingastjórnun.

Eyjólfur Árni Rafnsson

Starfsreynsla: Formaður stjórnar Samtaka atvinnulífsins frá 2017 og í stjórn Samtaka iðnaðarins 2014-2017 og er stjórnarformaður Klíníkurinnar frá ágúst 2024. Ýmis ráðgjöf frá 2016. Forstjóri Mannvits og forvera þess frá 2003 til 2015, aðstoðarframkvæmdastjóri Hönnunar hf. 1997-2007, almenn verkfræðistörf og verkefnastjórnun Hönnun hf. 1991-1997 og 1984-1986.

Menntun: Ph.D. í byggingarverkfræði frá University of Missouri-Rolla, Bandaríkjunum, 1991, M.Sc. gráða í byggingarverkfræði frá University of Missouri-Rolla, Bandaríkjunum, 1988, og B.Sc. gráða í byggingartæknifræði frá Tækniskóla Íslands, 1984.

Í skilningi leiðbeininganna um stjórnarhætti er Eyjólfur Árni óháður félaginu, daglegum stjórnendum þess og hluthöfum í félaginu.

Hefur setið í stjórn félagsins frá 12. febrúar 2015.

Rök tilnefningarnefndar: Eyjólfur Árni hefur yfirgripsmikla þekkingu og reynslu af stjórnunar- og stjórnarstörfum, hefur t.d. setið í stjórn félagsins frá árinu 2015 lengst af sem formaður stjórnar. Hann hefur einnig langa reynslu af íslensku viðskiptalífi og sérþekkingu á fasteignamarkaði og byggingarmarkaði gegnum stjórnarsetu og fyrri störf.

Guðrún Bergsteinsdóttir

Starfsreynsla: Lögmaður og meðeigandi LOCAL Lögmanna frá 2010, verkefnastjóri hjá BBA // Legal 2004-2010, verkefnastjóri hjá Ríkisskattstjóra 2000-2002. Guðrún situr í stjórnnum félaga sem tengd eru henni.

Menntun: Próf í sáttamiðlun 2021, próf í verðbréfavíðskiptum 2015, LL.M. frá Leiden, Hollandi, 2003, réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 2001 og Landsrétti 2019, Cand. Jur. frá Háskóla Íslands 2000.

Í skilningi leiðbeininganna um stjórnarhætti er Guðrún óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og hluthöfum í félaginu.

Hefur setið í stjórn félagsins frá 12. apríl 2016.

Rök tilnefningarnefndar: Guðrún hefur víðtæka reynslu á sviði lögfræðinnar tengdum viðskiptum, þar með talið lögfræðilegum úrlausnarefnum sem tengjast rekstri fasteignafélaga og skuldabréfaútgáfu. Hún býr einnig yfir haldgóðri þekkingu á góðum stjórnarháttum og persónuvernd.

Gunnar Þór Gíslason

Starfsreynsla: Framkvæmdastjóri Langasjávar ehf. og jafnframt stjórnarmaður þess félags og nokkurra dótturfélaga Langasjávar þ.á.m. Ölmú íbúðafélags hf., Mata hf., Matfugls ehf. og Síldar og fisks ehf. Stjórnarformaður Laxárness ehf. og Sólnýjar ehf. Auk þess situr Gunnar í stjórn Coldrock Investments Ltd. og HEGG Holdings Ltd. á Möltu. Á starfsferli sínum hefur Gunnar setið í stjórnnum ýmissa skráðra og óskráðra félaga, bæði á Íslandi og erlendis.

Menntun: MBA próf frá London Business School 1994, próf í verðbréfamíðlun 1994 og Cand. Oecon próf í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1989.

Í skilningi leiðbeininganna um stjórnarhætti er Gunnar sem fyrirsvarsmaður Langasjávar ehf. og tengdra félaga háður stórum hluthöfum í félaginu, en Langisjór ehf. fer ásamt samstarfsaðilum, Síldarbeini ehf., Ölmú íbúðafélagi hf. og Brimgörðum ehf., með 32,6% af útistandandi hlutafé félagsins í lok árs 2024.

Hefur setið í stjórn félagsins frá 11. apríl 2024.

Rök tilnefningarnefndar: Gunnar Þór hefur yfirgripsmikla stjórnunar- og stjórnarreynslu, bæði á Íslandi og erlendis, sem gerir hann vel hæfan til stjórnarsetu í félaginu. Starfsferill hans hefur veitt honum dýrmæta innsýn í fjármál og stefnumótun fyrirtækja, sem nýtist vel í stjórnarstörfum fyrir Eik fasteignafélag. Gunnar er fyrirsvarsmaður stærstu hluthafa félagsins en félögin fara samanlagt með tæplega 33% hlut félaginu. Seta Gunnars í stjórn tryggir að sjónarmið stórs hluthafa um rekstur og stefnumótun til skamms og langs tíma sé til staðar í stjórn félagsins.

Ragnheiður Harðar Harðardóttir

Starfsreynsla: Forstjóri Opinna Kerfa hf. 2019-2022, fjármálastjóri Opinna Kerfa hf. 2016-2019, fjármálastjóri Senu ehf. 2014-2016, verkefnastjóri hjá KPMG ehf. 2008-2014 og verkefnastjóri hjá Deloitte ehf. 2001-2005. Ragnheiður situr í stjórnnum félaga sem tengd eru henni og er jafnframt varamaður í stjórn Samkaupa hf.

Menntun: M.Sc. í hagfræði frá Háskóla Íslands 2012. Cand.oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 2000. Próf í verðbréfavíðskiptum 2011 og ýmis námskeið á vegum KPMG International LLP um verðmöt fyrirtækja og áreiðanleikakannanir.

Í skilningi leiðbeininganna um stjórnarhætti er Ragnheiður óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og hluthöfum í félaginu.

Hefur setið í stjórn félagsins frá 26. apríl 2021.

Rök tilnefningarnefndar: Ragnheiður hefur mjög góða almenna stjórnunarreynslu sem og reynslu af stjórnarsetu. Hún starfaði sem forstjóri (áður fjármálastjóri) hjá félagi í gegnum krefjandi breytingaferli, sem er gagnleg reynsla þegar kemur að stjórnarsetu. Hún hefur jafnframt þekkingu á skuldabréfaútgáfu og fjármögnun fyrirtækja.

Í viðauka við skýrslu þessa er gert grein fyrir öðrum framboðum til stjórnar félagsins.

Drífa Sigurðardóttir, formaður

Ingólfur Bender

Sigrún Ragna Ólafsdóttir

Viðauki – önnur framboð til stjórnar

Albert Þór Jónsson

Starfsreynsla: Hefur verið sjálfstætt starfandi við fjármál, fjárfestingar, fjármögnun og stjórnunarstörf frá 2008. Hefur setið í fjölda stjórna, þ.m.t. í stjórn Regins fasteignafélags hf., Kviku banka hf. og hefur setið í stjórn Almenna lífeyrissjóðsins frá 2023. Hefur að auki langa reynslu á fjármálamarkaði, m.a. hjá LSR, Landsbréfum, Landsbankanum, Fjárvangi og FL Group.

Menntun: MCF meistaragráða í fjármálum fyrirtækja frá Háskólanum í Reykjavík árið 2014, Cand. Oecon próf í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 1986 og hefur lokið löggildingu í verðbréfiðskipum árið 2001 og löggildingu í fasteignaviðskiptum árið 2001.

Í skilningi leiðbeininganna um stjórnarhætti er Albert óháður félaginu, daglegum stjórnendum þess og hluthöfum í félaginu.

Rök tilnefningarnefndar: Albert var ekki tilnefndur þar sem aðrir frambjóðendur þóttu standa honum framar þegar kemur að reynslu og þekkingu á þeim þáttum sem nefndin hafði til hliðsjónar við tilnefninguna.